

Skipulagsstofnun  
Jón Águst Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 16. júní 2023  
Tilv. 2023-04-03-0285/2.4.1

Efni: Varðar matskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga

Með tölvupóstí þann 3. apríl sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi matskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga.

Fiskistofa fær ekki séð að fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á lax- eða silungastofna eða veiðihagsmuni

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á líffríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrilliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum m.t.t. hagsmunu sem tengjast lax- eða silungsveiði.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

  
Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 30. maí 2023  
MÍ202304-0101 / 6.07 / Þ.E.H.

## Efni: Breyting á Suðurleið Fjarðarheiðarganga - mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 3. apríl 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin áformar að breyta hluta veglínus Suðurleiðar Héraðsmegin frá því sem áður hefur verið kynnt í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga í maí 2022. Einnig er gerð grein fyrir færslu inntakslóns vatnsveitu ofar í Fjarðará, Seyðisfjarðarmegin.

Í kafla 5.1 er fjallað um valkosti vegna breytingar á svokallaðri Suðurleið. Þar eru lagðir upp þrír valkostir. Valkostur A er upprunalega útfærsla Suðurleiðar og var lögð fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Valkostur B felur í sér að veglínan er færð sunnar en valkostur A, frá svæði austan inn á nýjan Hringveg austan þéttbýlisins. Vegagerðin leggur fram valkost B sem aðalvalkost en hann raskar minna af votlendi en hinir tveir valkostir Suðurleiðar. Valkostur C felur í sér frekari tilfærslu á veglínus til suðurs á um 1,5km löngum kafla, suður fyrir Hríshóla. Við skoðun á þessum valkosti kom í ljós að á svæðinu er mun meira af votlendi og meiri samfella í þekju kjarrskógavistar en norðan við hólinn þar sem valkostur B liggar. Valkostur C felur einnig í sér lengri vegtengingu í iðnaðarhverfi og má ætla að hún yrði minna notuð.

Í kafla 5.2 er fjallað um færslu inntakslónsins Seyðisfjarðarmegin. Við færslu þess voru tveir valkostir skoðaðir auk núllkostar. Valkostur 1 gerir ráð fyrir að útbúið verði svipað inntak ofar í Fjarðará og var sett við núverandi inntak samliða því að ný virkjun tók til starfa fyrir rúnum áratug. Valkostur 2 miðar að því að raska ánni sem allra minnst. Komið verði fyrir röri með grófrist á endanum í hyl neðan við foss sem er í ánni.

Í kafla 7.2 er fjallað um áhrif framkvæmdanna á fornleifar. Við undirbúning matsskyldufyrirspurnarinnar var Antikva fengin til að skrá fornleifar þar sem valkostir fyrir færslu Suðurleiðar liggja. Í kaflanum er rekin niðurstaða fornleifaskráningarinnar og á mynd 7.2 má sjá valkostina með staðsetningu fornleifa. Í umfjöllun um færslu inntakslónsins kemur fram að þar sem framkvæmdarsvæðið nær inn fyrir skráningarsvæðið frá 2021 eru þrjár fornleifar í nálægð við framkvæmdarsvæðin. Vakin er athygli á því að ekki liggur fyrir fornleifaskráning á svæðinu öllu og að það

---

Puríður Elísá  
Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

verði fornleifaskráð áður en framkvæmdir hefjast. Leitað verður eftir leyfi Minjastofnunar Íslands áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 auk þess sem vakin er athygli á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem fjallað er um ef óþekktar fornleifar finnast við framkvæmd verks.

Í kafla 9 er tekin saman niðurstaða mats. Þar segir um samantekt áhrifa valkosta Suðurleiðar að hún sé neikvæð varðandi fornleifar fyrir valkost A en óveruleg fyrir valkostí B og C. Fyrir samantekt áhrifa færslu á inntaki kemur fram að báðir valkostir eru taldir hafa óveruleg áhrif á fornleifar.

## Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

### Suðurleið

Antikva ehf. var fengin til að skrá fornleifar þar sem valkostir fyrir færslu Suðurleiðar liggja og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu; *Fjarðarheiðargöng. Fornleifaskráning vegna breyttrar veglínu* (skýrsla gefin út 2022).

### Valkostur A

Samkvæmt greinargerðinni er aðeins ein fornleif í hættu innan valkostar A en það er kolagröf SM-024:048. Hún er í veglínu þess valkosts. Tvær aðrar kolagrafir, SM-024:49 og SM-024:051, eru í 10-15m fjarlægð frá veglínunni. Pessar þrjár fornleifar sjást ekki á mynd 7.2 í greinargerðinni sem sýnir yfirlitskort af fornleifum á athugunarsvæði valkosta enda eru þær staðsettar austar og þar með utan þessa svæðis. Fleiri minjar eru nálægt miðlinu þessa valkosts, SM-611:009, SM-024:047\_1, SM-024:047\_2, SM-026:032, SM-611:008\_01, SM-026:30 og SM-024:045. Fjallað var um þennan valkost í umsögn Minjastofnunar Íslands í bréfi dags. 14. júlí 2022 og ítrekar stofnunin þær kröfur sem þar koma fram varðandi minjar innan þessa valkosts.

### Valkostur B

Alls eru 12 fornleifar innan valkosts B. Í greinargerð segir að sú kolagröf (2831-605) sem er næst valkosti B sé í 25m fjarlægð frá miðlinu vegarins. Aðrar minjar eru lengra frá. Örnefnið Lambhúismýri (2831-611) er á mýri norðvestan við Kollinn. Ekki var að finna ummerki um minjar á svæðinu og er talið að örnefnið dragi nafn sitt af tvíhólfa tóft (2831-607) sem stendur austur undir Kollinum. Einn minjastaður er í stórhættu vegna framkvæmdanna en það er gata (2931-608/SM-611:008\_01). Um er að ræða gamla bílveginn inn Vellina og liggur slóðin frá Egilsstöðum og að bæjarstæði Kollsstaða. Líklega er bílvegurinn frá fyrri hluta 20. aldar en hann kann að liggja eftir gömlu reiðgötunni um sveitina. Vegurinn liggur þvert yfir allar veglínur. Minjastofnun Íslands telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

## Valkostur C

Alls eru 10 fornleifar innan valkosts C. Flestar minjarnar eru um 45m og lengra frá miðlinu valkostarins. Örnefnið Lambhúsmýri (2831-611) er á mýri norðvestan við Kollinn. Ekki var að finna ummerki um minjar á svæðinu og er talið að örnefnið dragi nafn sitt af tvíhólfa tóft (2831-607) sem stendur austur undir Kollinum. Innan þessarar tillögu er einnig einn minjastaður í stórhættu en það er sá sami og í valkosti B, gata (2931-608/SM-611:008\_01). Um er að ræða gamla bílveginn inn Vellina og liggur slóðin frá Egilsstöðum og að bæjarstæði Kollsstaða. Líklega er bílvegurinn frá fyrri hluta 20. aldar en hann kann að liggja eftir gömhu reiðgötunni um sveitina. Vegurinn liggur þvert yfir allar veglínur. Minjastofnun Íslands telur skráningu leiðarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

## Áhrif færslu inntakslóns

Valkostir færslu inntakslóns eru að hluta til innan þess svæðis sem fornleifaskráning fór fram á í tengslum við umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Á því svæði sem hefur verið skráð fer lagnalega nálægt þremur fornleifum; NM-701:013\_01, NM-701:013\_02 og NM249:482. Ekki hefur farið fram skráning á inntaksvæðinu utan við þá fornleifaskráningu sem gerð var 2021. Tekið er fram að áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að fara yfir svæðið þar sem fornleifaskráning hefur ekki verið gerð.

*Erfitt er að leggja endanlegt mat á áhrif framkvæmdanna á fornleifar þar sem ekki liggur fyrir umfang rasks, s.s. fláa og skeringa á nýjum veglínum. Einnig eru breytingarnar á vatnsverndarsvæði utan við skráningarsvæði fornleifa og því er ákveðin óvissa til staðar um áhrif þeirra á fornleifar. Þörf er á fornleifaskráningu á þeim svæðum áður en framkvæmdarleyfi er gefið út.*

*Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um beiðni um framkvæmdarleyfi þegar þar að kemur sem og aðrar skipulagsáætlunar verði þær gerðar. Þá er mikilvægt að stofnuninni hafi borist loftmynd/kort þar sem umfang fyrirhugaðra framkvæmda er sýnd og þá verður hægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar.*

*Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áhrif framkvæmdanna séu talin óveruleg á fornleifar við vatnsverndarsvæðið. Minjastofnun vekur athygli á því að þar sem fornleifaskráning liggur ekki fyrir á því svæði eru áhrif framkvæmdanna óviss á fornleifar. Í umhverfismatsskýrslu kemur einnig fram að aðalvalkostur Vegagerðarinnar feli í sér að velja valkost B sem nýja leið Suðurleiðar. Sú leið feli í sér minni áhrif heldur en valkostur A. Valkostur C er þó ákjósanlegastur með tilliti til fornleifa. Minjastofnun Íslands leggast þó ekki gegn neinum valkostanna verði skilyrði stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir uppfyllt.*

*Að því gefnu að gengið verði að skilyrðum Minjastofnunar, sem fram koma hér að ofan, telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum breytingar veglinu Suðurleiðar Fjarðarheiðarganga. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 stendur m.a.:*

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 sem hljóðar svo:*

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Puríður Elísia Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

*Afrít sent í tölvupósti:  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))  
Jón Águst Jónsson ([jonagust@skipulag.is](mailto:jonagust@skipulag.is))*



**Skípulagsstofnun**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

**Egilsstöðum, 9. maí 2023**  
Málsnr. 202304043

### **Efni: Breyting á umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga**

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 4. apríl sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þarf að skýra frekar og hvort þau kallí að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Inngangur**

Vegagerðin sendi Skipulagsstofnun, 3. apríl sl., tilkynningu um breytingu á veglinu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

### **Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.**

#### **Eðli framkvæmdar**

Framkvæmdin felur annars vegar í sér breytingu á legu Suðurleiðar á kaflanum frá Skriðals- og Breiðalsvegi, um 1,5 km suður af Egilsstaðavegamótum, og austur fyrir Háslæk. Til skoðunar voru tveir valkostir Suðurleiðar, valkostur B og valkostur C, til viðbótar við valkost A sem kynntur var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Eftir nánari skoðun og út frá athugunum á vistgerðum og gróðri sem njóta verndar leggur Vegagerðin til að valkostur B verði valinn. Þar vegur mest að sá valkostur mun raska minna af votlendi og náttúrulegu birkí sem njóta sérstakrar verndar, samanborið við aðra valkosti sem skoðaðir voru.

Hins vegar felur framkvæmdin í sér r færslu inntakslóns vatnsveitu ofar í Fjarðará. Vegagerðin, í samvinnu við HEF Veitur, hefur skoðað fýsileika þeirrar færslu en sú tillaga kom fram í athugasemd HEF Veita um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Færslan er talin ákjósanleg og líkleg til að draga mjög úr áhættu á áhrifum á vatnsvernd líkt og Skipulagsstofnun benti í álití sínu um umhverfismat Fjarðarheiðarganga, dags. 22.12.22. Tveir valkostir eru til skoðunar á færslu inntaksins. Með færslunni verður breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis.

#### **Staðsetning framkvæmda**

Fyrirhugað framkvæmdasvæði tilheyra annars vegar Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og hins vegar Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Unnið er að skipulagsbreytingum vegna Fjarðarheiðarganga og gert ráð fyrir að þær taki gildi síðar á árinu. Fyrirliggjandi skipulagsbreytingar verða unnar í samræmi við áætlunar Vegagerðarinnar um breytta suðurleið við Egilsstaði og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði.

#### **Hugsanleg áhrif framkvæmdar**

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu eru fyrirhuguð áhrif á valkost B og C vegna Suðurleiðar óveruleg hvað varðar fornleifar en neikvæð á vistgerðir og gróður auk landnotkunar og verndarsvæðis.

Kostur A skers sig úr en áhrif á fornleifar eru neikvæði.

Áhrif beggja valkosta vegna færslu á vatnsinntakl eru óveruleg á alla matsþætti.



## Niðurstaða

Umfjöllun um fyrirhuguð umhverfisáhrif framkvæmdanna eru talin fullnægjandi og gefur ekki tilefni til frekari rannsókna.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að áhrif á vatnsrennsli í Fjarðará verði óveruleg, sama hvor valkosturinn verður fyrir valinu, væri æskilegt að fram kæmli hvort einhver áhrif yrðu á rennsli í Gufufossi sem er viðsæll ferðamannastaður.

Bent er á að í kafla 4.1 um Aðalskipulag að einnig er í gildi Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030.

Lagfæra þarf texta í kafla 7.3 um Áhrif suðurleiðar en þar segir að valkostur A liggi í jaðri Íbúðarbyggðar L4 en rétt er að hann er í jaðri svæðis B3.

## Leyfisveitingar á hendí Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirkI nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á fundum heimastjórna Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs sem haldnir voru þann 4. og 5. maí 2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir  
Sóley Valdimarsdóttir,  
f.h. skipulagsfulltrúa

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Ágústs Jónssonar  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
[jon.a.ionsson@skipulag.is](mailto:jon.a.ionsson@skipulag.is)

Selfossi, 10. maí 2023

**Efni: Fjarðarheiðargöng – umsagnarbeiðni.**

Skógræktinni barst 3. apríl sl. erindi frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað var eftir umsögn Skógræktarinnar um breytingu á veglinu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði. Skipulagsstofnun óskaði eftir því Skógræktin gerði grein fyrir hvort hún teldi að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til vlömiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt að Skógræktin gerði grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Frestur var til 8. maí sl.

**Umsögn:**

Skógræktin telur að nægjanlega góð grein sé gerð fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Skógræktin bendir á að í kafla 4.2. er rætt um sérstaka vernd skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Birkiskókurinn á umræddu svæði er að mati Skógræktarinnar ekki sérstæður eða vistfræðilega mikilvægur, og fellur því ekki undir verndarákvæði 61. gr. laganna. Hinsvegar er skv. lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 „varanleg eyðing“ skóga óheimil nema nauðsyn beri til, og þarf þá að ráðast í mótvægisáðgerðir og fá leyfi hjá Skógræktinni (einsog rakið er hér að neðan).

Valkostur A fer yfir um 0,4 ha af blæösp, sem er friðuð tegund skv. augl. nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna frá 2021. Um réttaráhrif friðunar plöntutegundar er fjallað í 57. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Hugsanlegt er að hægt verði að koma við einhverjum mótvægisáðgerðum ef ryðja þarf blæasparlundi, t.d. að endurplanta þeim annarsstaðar. Þetta væri hægt að gera með því að flytja torfur (blæaspir þessar munu ekki vera stórvaxnar, viðir þeirra grannir, auk þess sem hún fjölgar sér og dreifir með rótarskotum). Þessum torfum með blæöspinni þyrfti svo að finna heppilegan vaxtarstað annarsstaðar. Blæösp er afar fágæt á Íslandi og afar mikilvægt að erfðaefni og breytileiki innan stofns hennar tapist ekki ef ryðja þarf henni burt á einhverjum stað vegna framkvæmda.

Skógræktin telur að ekkert það sem snýr að hlutverki Skógræktarinnar kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Leyfi sem framkvæmdin er háð og er á starfssviði Skógræktarinnar:

Ef í framkvæmdinni felst varanleg eyðing á skógi (en um það er ekki deilt að allir valkostirnir fela það í sér), þá kallar það á tvennt:

- Annarsvegar eru það (1) mótvægisaðgerðir, skv. 3. mgr. 19. kr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Það er í höndum framkvæmdaraðila að standa fyrir mótvægisaðgerðum, og fela þær almennt í sér að komið sé upp sambærilegum skógi á sambærilega stóru svæði annarsstaðar. Skógræktin bendir á, að skv. 3. mgr. áðurnefndrar greinar, er kveðið á um að mótvægisaðgerðir skuli hefjast eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógarins.
- Hinsvegar eru það (2) gögn um skógareyðingu, sem þarf að skila til Skógræktarinnar á þar til gerðu eyðublaði, *Gagnaöflun um eyðingu skógar*<sup>1</sup>, skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. sömu laga. Það er afar mikilvægt að mælingar fari fram áður en framkvæmdir hefjast, enda er þetta liður í utanumhaldi Íslands um kolefnisforða, bindingu og losun skóga.

Skógræktin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skógræktarinnar,

*Páll Sigurðsson með.*  
Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi  
pall.sigurdsson@skogur.is  
Austurvegi 3, 800 Selfoss  
gsm. 849-2912

---

<sup>1</sup> <https://www.skogur.is/static/files/2023/gagnaoflun-um-varanlega-eydingu-skogar-eydublad-2023.pdf>

# NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0003  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar á breytingu á framkvæmd vegna Fjarðarheiðarganga

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 3. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufraðistofnunar Íslands á tilkynntri framkvæmd Vegagerðarinnar á Fjarðarheiðargöngum. Breytingin varðar veglínu Suðurleiðar og færslu á inntakslóni vatnsveitu í Seyðisfirði.

Náttúrufraðistofnun veitti umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna Fjarðarheiðarganga þann 21. júlí 2022 og greindi þar frá sjónarmiðum stofnunarinnar um væntanleg umhverfisáhrif m.a. vegna lagningar á Suðurleið í Héraði sem var aðalvalkostur framkvæmdarinnar á vegtengingu frá Fjarðarheiðargöngum niður að Egilsstöðum.

Náttúrufraðistofnun telur umfjöllun um umhverfisáhrif þeirra breytinga á framkvæmdinni sem til skoðunar eru í tilkynningunni vera ítarlega og því ekki ástæða til að breytt framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum að fullu. Þó má gagnrýna að ekki er fjallað um áhrif á fuglalíf og landslag í tilkynningunni ólíkt því sem var gert í umhverfismatsskýrslu þrátt fyrir að verið sé að leggja til breytingar sem hafa áhrif á þessa þætti.

Náttúrufraðistofnun vill benda á eftirfarandi varðandi umhverfisáhrif breyttu/nýju framkvæmdaliðanna og þær mótvægisáðgerðir sem ræddar eru í greinargerð tilkynningarinnar:

Í umsögn Náttúrufraðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna kom fram að stofnunin taldi umhverfisáhrif Suðurleiðarinnar vera hvað neikvæðust af valkostunum þremur sem til umfjöllunar voru. Framkvæmdin myndi valda óafturkræfu raski á vistgerðum með hátt verndargildi, votlendi og birkiskógi sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd, sem og á vaxtarstöðum æðplöntu- og fléttutegunda sem eru á válista eða friðaðar samkvæmt nýrri auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021. Varðandi áhrif á fuglalíf kom fram í umsögninni að Suðurleið myndi raska búsvæðum allmargra fugla en einkum væri um algengar tegundir og engar á válista.

Í umsögninni kom einnig fram að Náttúrufraðistofnun teldi afar mikilvægt að leggja áherslu á mótvægisáðgerðir til að vega upp rask á vistgerðum með hátt verndargildi og einnig að staðfesta þyrfti fundarstaði friðlýstra tegunda og skoða mögulegar mótvægisáðgerðir varðandi þær. Í umhverfismatsskýrslunni var almennt fjallað um að horft yrði til mótvægisáðgerða svo sem endurheimt votlendis og birkiskóga. Almennar mótvægisáðgerðir af slíkum toga ættu að nýtast til að bæta upp tap á búsvæðum fugla einnig.

Afstaða Náttúrufraðistofnunar í umsögninni um umhverfismatsskýrsluna var sú að svokölluð Miðleið væri ákjósanlegust því hún myndi hafa minnst áhrif á gróðurfar og landslag og ásýnd



en þar sem hún væri metin óheppileg vegna samfélagslegra áhrifa þá væri grundvallaratriði að tryggja að farið yrði í nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að bæta upp þau neikvæðu áhrif sem verða af Suðurleiðinni.

Í þeirri tilkynningu sem hér er til umfjöllunar er lögð til breyting á veglinu Suðurleiðar og eru þrír valkostir til skoðunar þar á meðal sá sem var til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslunni (valkostur A). Sá valkostur er hins vegar ekki aðalvalkosturinn núna heldur svokallaður valkostur B, m.a. því hann er talinn raska minna af votlendi og náttúrulegu birki sem og vaxtarstöðum blæaspar sem er tegund sem er friðuð samkvæmt auglýsingu nr. 1385. Með þessu er m.a. verið að bregðast við athugasemdu Náttúrufræðistofnunar úr umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrsluna.

Í töflu 3 kemur fram að lega á valkosti B myndi raska minna votlendi, birkikjarri og vaxtarstaði blæaspar en valkostur A. Þriðji valkosturinn (valkostur C) myndi raska mun meira votlendi. Með tilliti til þessara umhverfisþáttu tekur Náttúrufræðistofnun undir með niðurstöðu tilkynningarinnar að valkostur B er sá skásti sem til umfjöllunar eru hvað varðar Suðurleiðina og sérstaklega jákvætt er að stefna eigi að því að hlífa vaxtarstöðum blæaspar. Blæösp finnst á áhrifasvæði valkosts B eins og sést á mynd 7.1 en fjær miðlinu áætlaðs vegstæðis og því mögulegt að forðast rask ef varlega er farið á framkvæmdatíma. Miðað við töflu 3 er gert ráð fyrir engu raski þar sem miðað er við 15 metra áhrifasvæði frá miðlinu vegar. Mikilvægt er að þetta standist og hugað verði að því við hönnun vegar að vaxtarstöðum blæaspar í jaðri framkvæmdasvæðis sé ekki raskað.

Valkostur B felur þó áfram í sér umtalsvert rask á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum fugla og nauðsynlegt að brugðist verði við því með þeim mótvægisáðgerðum sem rætt var um í umhverfismatsskýrslunni.


Varðandi möguleg áhrif á friðaðar fléttutegundir kemur fram að stefnt verði að því að láta sérfræðing meta fyrirhugað framkvæmdasvæði með tilliti til þess hvort slíkar tegundir sé þar að finna. Þá yrði reynt að færa til birkitré sem á vaxa friðaðar fléttutegundir til að koma í veg fyrir að einstaklingar þessara tegunda tapist við framkvæmdina. Þetta er jákvæð og mikilvæg mótvægisáðgerð að mati Náttúrufræðistofnunar og nauðsynlegt að hún sé ígrunduð vandlega í samráði við sérfræðinga.

Í fyrirspurninni er einnig til umfjöllunar færsla á inntakslóni Fjarðarselsvirkjunar og eru til umfjöllunar tveir valkostir. Sá fyrri felur í sér að útbúa svipað inntak ofar í Fjarðará til að forðast mengunarhættu í vatnsból Seyðfirðinga frá munna Fjarðarheiðarganga. Til þess þarf að útbúa 80 metra varnargarð og 2000 fermetra lón og samtals rask á 4000 metra svæði. Víkkast án töluvert.

Síðari valkosturinn raskar ánni mun minna en hann felst í að koma fyrir röri með grófrist í hyl neðan við foss í ánni. Áhrif á rennsli árinna neðan við inntaksvirknið yrðu óveruleg. Náttúrufræðistofnun leggur til að síðari valkosturinn verði fyrir valinu til að minna rask verði m.a. á ánni sjálfsi sem og gróðri. Ásýndaráhrif eru einnig mun minni af þeim valkosti.

Eins og áður sagði er ekki fjallað um áhrif á fuglalíf eða landslag í umfjöllun um umhverfisáhrif vegna breytinganna á framkvæmdinni. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði í það minnsta mátt bera saman áhrif breytinganna við þá umfjöllun sem var um þessa þætti í umhverfismatsskýrslunni. Til dæmis er líklegt að fyrri valkostur um færslu á inntakslóni sem fæli í sér varnargarða, lón og rask á 4000 fermetra svæði þ.m.t. ánni og rennsli hennar, myndi hafa tölverð áhrif á ásýnd svæðisins. Þá er hægt að álykta um áhrif á fuglalíf út frá upplýsingum um áhrif á ólík gróðurlendi miðað við þær upplýsingar um fuglalíf svæðisins almennt sem stuðst var við í umhverfismatsskýrslunni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

5. maí 2023

Skipulagsstofnun

Jón Águst Jónsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

**Umsögn um matsskyldu vegna Fjarðarheiðarganga – breyting á veglínusuðurleiðar og færsla á inntakslóni vatnsveitu.**

Með tölvupósti dags. 3. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands um matsskyldu vegna breytingar á veglínusuðurleiðar og færslu á inntakslóni vatnsveitu vegna Fjarðarheiðarganga. Skýrslan sem hér er til umsagnar er unnin af Vegagerðinni og VSÓ Ráðgjöf, dagsett í apríl 2023.

Í fyrri umsögnum HAUST vegna Fjarðaheiðarganga var bent á þá mengunarhættu sem vatnsbóli Seyðisfjarðar stafaði af framkvæmdinni. Vatnsból Seyðisfjarðar sé viðkvæmt fyrir mengun af völdum yfirborðsvatns. Að mati HAUST voru þær mótvægiságerðir sem áður voru kynntar ekki taldar fullnægjandi til að tryggja íbúum Seyðisfjarðar heilnæmt neysluvatn. Í þeirri skýrslu sem nú er til umsagnar eru lagðir fram tveir valkostir auk nállkostar. Valkostur 1 og 2 miða að því að færa inntak ofan við gangnamuna með það að markmiði að minnka verulega mengunarhættu á vatnsból Seyðisfjarðar á framkvæmdatíma.

*Valkostur 1 | Að útbúið verði svipað inntak ofar í Fjarðará og var sett var við núverandi inntak samhliða að ný virkjun tók til starfa fyrir rúmum áratug.*

*Valkostur 2 | Tillaga miðar að því að raska ánni sem allra minnst. Komið verður fyrir röri með grófrist á endanum í hyl neðan við foss sem er í ánni.*

Haugsetningarsvæði er enn að mestu staðsett inni á skilgreindu grannsvæði vatnsveitu skv. aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum segir að banna skuli notkun og birgðageymslu hættulegra efna innan grannsvæða, jafnframt segir að veglagnir og önnur starfsemi innan grannsvæða skuli vera undir ströngu eftirliti. Við breytingu á vatnsinntaki er því vert að skoða hvort breyta skuli skilgreiningu á vatnsvernd í samræmi við nýtt inntak.

**Starfsleyfi heilbrigðisnefndar**


Í umsögn HAUST um umhverfismatsskýrslu dags. 5.7.2022 eru talin upp þau leyfi sem framkvæmdin er háð og varða starfssvið Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Neysluvatnsveitur eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðisnefnd skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Auk þess á heilbrigðisnefnd að hafa eftirlit með vinnu inn á vatnsverndarsvæðum samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum.

## Niðurstaða

Að mati HAUST eru þær aðgerðir sem boðaðar eru, að færa vatnsinntak fyrir vatnsból Seyðisfjarðar ofan við gangnamuna til þess fallnar að að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda vatnsvernd á Seyðisfirði. Þar að auki er sú mögulega hætta á mengun neysluvatns sem stafar frá haugsetningarsvæði og efnisvinnslusvæði ekki lengur fyrir hendi. Nægjanlega er gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Ekki er tekin afstaða til þess hvort að valkostur 1 eða valkostur 2 verði fyrir valinu. Báðir kostir dragi úr áhættu af áhrifum framkvæmda við Fjarðarheiðargöng á vatnsvernd á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.





Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2023  
UST202304-027/B.S.  
10.05.03

### **Efni: Matsskyldufyrirspurn - Fjarðarheiðargöng. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum breytingar á inntakslóni vatnsveitu á Seyðisfirði og breyting á legu svokallaðar Suðurleiðar á Fljótsdalshéraði skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Suðurleið verður hliðrað lengra til suðurs til að draga úr fyrirsjánlegu raski á votlendi, birki og plöntum sem eru verndaðar eða eru friðlýstar. Inntakslón vatnsveitu verður fært ofar í Fjarðará til að koma inntaki fjær framkvæmdasvæði við gangamunna og mörkum vatnsverndarsvæða breytt í samræmi við færsluna.

Umhverfisstofnun telur eðlilega varúðarráðstöfun að tryggja öruggt neysluvatn á Seyðisfirði með færslu inntakslóns. Nýtt inntakslón mun verða eins og nú á virkjanasvæði Fjarðarselsvirkjunar og Bjólfsvirkjunar og mun nýtt mannvirki til viðbótar við þau sem fyrir eru ekki breyta miklu varðandi ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að færsla Suðurleiðar sé til vitnis um að mat á umhverfisáhrifum virkar eins og til er ætlast þ.e. upplýsa um umhverfisáhrif og fá fram ábendingar í matsferli um hvað betur megi fara. Þessi vinnubrögð mætti viðhafa mun oftar en slíkar breytingar sem eru tvímælalaust til bóta eiga ekki að hafa í för með sér frekara mat þar sem allar upplýsingar liggja þegar fyrir. Ef jákvæðar breytingar á framkvæmd m.t.t. umhverfisáhrifa verða til að lengja enn langt ferli er hætta á að framkvæmdaaðilar muni hika við að breyta framkvæmd á jákvæðan hátt ef þetta verður raunin.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umræddar breytingar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er ítarleg og vönduð.

Virðingarfyllst

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**

